

**570. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, miðvikudaginn 3.  
nóvember 2021 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Anton Helgi Guðjónsson varaformaður, Þóra Marý Arnórsdóttir formaður, Smári Karlsson aðalmaður og Daniel Jakobsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðfinna M Hreiðarsdóttir.

**Embættismenn:**

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

**Dagskrá:**

**1. Verndarsvæði í byggð - Gamli bærinn á Skutulsfjarðareyri og Neðstikaupstaður. - 2017100040**

Lögð var fram tillaga að verndarsvæði í byggð á vinnslustigi.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að auglýsa vinnslutillögu að verndarsvæði í byggð fyrir gamla bæinn á Skutulsfjarðareyri og Neðstakaupstað á Ísafirði, á grundvelli 5. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.*

*Tillagan verði til birt á vefnum [www.verndarsvaedi.isafjordur.is](http://www.verndarsvaedi.isafjordur.is) í 2 vikur, frá 9. nóvember til og með 23. nóvember.*

**2. Dýrafjörður virkjanir -Botnsvirkjun og Hvallátursvirkjun - 2021020045**

Lagt fram erindi frá Verkís hf. f.h. landeigenda Dranga og Botns í Dýrafirði, varðandi það að áform um virkjanirnar verði teknar til skoðunar í breytingu á aðalskipulagi í stað þess að þær verði teknar með í endurskoðun þess eins og var bókað í bæjarstjórn þann 16. febrúar 2021. Óskað er eftir að það verði tekið til meðferðar sem endurskoðun á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Fylgiskjöl eru greinargerð frá Erlu B. Kristjánsdóttur, skipulagsráðgjafa hjá Verkís hf. og umsagnir Skipulagsstofnunar frá 2. júlí 2021.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd hafnar erindinu og stendur við fyrri ákvörðun um að vísa því til vinnu við endurskoðun Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar með hliðsjón af umsögn Skipulagsstofnunar dags. 2. júlí 2021.*

**3. Reykjarfjörður á Ströndum. Umsókn um leyfi fyrir allt að 50 kW virkjun - 2021100090**

Landeigendur Reykjarfjarðar á Norður-Ströndum, sækja um leyfi fyrir allt að 50 kW virkjun við ána í Fossadal. Þrýstirörið verður grafið niður við hlið árinna og ósýnilegt. Lítið og látlaust stöðvarhús verður reist úr timbri og frá stöðvarhúsinu

verður lagður niðurgrafinn rafstrengur að Kirkjubóli, til Tófuholts og að byggðinni í Reykjarfirði. Fylgigögn eru undirritanir og umsókn frá 1. október 2021 og uppdráttur unninn af Eflu verkfræðiskrifstofu.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir erindið.*

**4. Hóll, Hvilftarströnd. Umsókn um framkvæmdaleyfi - 2021100061**

Birkir Þór Guðmundsson og Kristín Albertsdóttir, eigendur Hóls við Hvilftarströnd í Önundarfirði, sækja um framkvæmdaleyfi fyrir aðkomu að býlinu með lagningu héraðsvegar, tengingu við fjarskipta- og raforkukerfi, inntaksmannvirkis fyrir heimarafstöð og fallpípu. Fylgigögn eru umsókn frá 12. október 2021, gildandi deiliskipulag frá 2021, heimild Vegagerðarinnar fyrir héraðsveg ásamt kennissniði og tillögumyndir af inntaksmannvirki Hólsvirkjunar frá 2021.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu framkvæmdaleyfis.*

**5. Hafnarstræti 29 á Flateyri, lóð undir nemendagarða - 2021100017**

Jón Grétar Magnússon, fyrir hönd Lýðskólans á Flateyri, sækir um lóðina Hafnarstræti 29 á Flateyri.

Hafnarstræti 29 er tilgreind sem lóð fyrir þjónustuhús á tveimur hæðum en hugmyndir Lýðskólans eru að þar muni rísa Nemendagarðar skólans sem muni innihalda 14 litlar stúdíó íbúðir.

Samhliða umsókn þessari er fyrir hönd lýðskólans óskað leyfis fyrir að gera minniháttar breytingar á deiliskipulagi Flateyrrar til að aðlaga lóðina að nemendagörðunum.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd tekur jákvætt í erindið en bendir á að lausar lóðir þurfa að fara í auglýsingu í lágmark 2 vikur, skv. úthlutarreglum Ísafjarðarbæjar. Umsækjanda er bent á að sækja um lóðina að nýju þegar hún verður auglýst.*

Anton Helgi Guðjónsson yfirgaf fundinn klukkan 9:15

**6. Engjavegur 9, 400. Umsókn um lóðarleigusamning - 2021080058**

Sigríður G. Ásgeirsdóttir, þinglýstur eigandi að Engjavegi 9 á Ísafirði, sækir um gerð lóðarleigusamnings og gerð mæliblaðs. Fylgiskjöl eru undirrituð umsókn dags. 24. ágúst 2021, mæliblað Tæknideildar frá 13. október 2021 og drög að grunnleigusamningi.

*Nefndin frestar afgreiðslu og óskar eftir frekari gögnum hjá Tæknideild.*

**7. Ósk um beitiland á Söndum, Dýrafirði - 2021100084**

S. Valdimar Elíasson óskar eftir afnotum af landi til beitar í landi Sanda í Dýrafirði. Fylgiskjöl eru tölvupóstur frá 19. október og loftmynd af 4 fyrirhuguðum afnotasvæðum.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd frestar erindinu.*

**8. Öldugata 1b og 1, ósk um sameiningu lóða - 2021080073**

Eigandi Öldugötu 1b á Flateyri óskar eftir skýrum lóðarmörkum undir fasteign sína. Í gildandi deiliskipulagi Flateyrar frá 29.01.1998 er gert ráð fyrir að húsin Öldugata 1 og 1b víki fyrir nýjum byggingarlóðum en Öldugata 1b stendur enn.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd bendir á að skv. fyrirbyggjandi gögnum, þinglýstum lóðarleigusamningi og gildandi deiliskipulagi Flateyrar, eru lóðarmörk fyrir Öldugötu 1b skýr. Lóðarhafi er hins vegar kominn út fyrir sín lóðarmörk með óleyfisframkvæmdir.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00**

---

Anton Helgi Guðjónsson

---

Þóra Marý Arnórsdóttir

---

Smári Karlsson

---

Guðfinna M Hreiðarsdóttir

---

Axel Rodriguez Överby

---

Helga Þuríður Magnúsdóttir